

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 6. maí 2024

Mál nr. E-4861/2023:

Ylur ehf.

(Þorsteinn Einarsson lögmaður)

gegn

Verði tryggingum hf.

(Magnús Hrafn Magnússon lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 18. apríl 2024, er höfðað 15. ágúst 2023 af Yl ehf., Miðási 43–45, Egilsstöðum, á hendur Verði tryggingum hf., Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 28.925.366 með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 16. ágúst 2022 til 24. júní 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega að verða sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Málsatvik

Stefnandi, sem er verktakafyrirtæki, er eigandi beltagröfu af gerðinni Hyundai HX380L með fastanúmeri []. Keypti stefnandi húftryggingu fyrir beltagröfuna hjá stefnda og tók sú trygging gildi 1. júní 2022 og gildi til 31. maí 2023. Samkvæmt váttryggingarskírteini stefnda var verðmæti beltagröfunnar kr. 28.000.000 og var grafan húftryggð fyrir þeirri fjárhæð.

Hinn 16. ágúst 2022 var fyrirsvarsmaður stefnanda, Sigþór Arnar Halldórsson, við stjórn beltagröfunnar og vann við dýpkun á höfninni í Borgarfirði eystra. Rann beltagrafan þá skyndilega af stað út í höfnina og hafnaði í sjónum. Greinir aðila máls á um ástæðu þess að það gerðist. Segir í lögregluskýrslu vegna atviksins að Sigþór hafi sagst hafa verið með vélina á grjótpúða út í sjóinn og hafa verið að fleyga þegar grjótpúðinn hafi gefið sig og vélin farið út sjóinn og á bólakaf.

Sama dag tilkynnti stefnandi stefnda um tjón á beltagröfunni [...] og krafði stefnda um viðurkenningu á bótaskyldu úr húftryggingu beltagröfunnar. Með bréfi, dags. 16. september 2022, tilkynnti stefndi að bótaskyldu úr húftryggingu vélarinnar væri hafnað. Sagði þar m.a.: *Með vísan til framangreinds er ljóst að þær skemmdir sem komu til þann 16.08.2022 þegar vélinn (sic) [...] fór út í sjó fellur ekki undir tæmandi talningu vátryggingaratburða og eru því ekki bótaskyldar úr húftryggingu vélarinnar. Jafnvel þótt fallist yrði á að atvikið félli undir gildissvið vátryggingarinnar félli ábyrgð félagsins niður í heild sbr. 2. mgr. 20. gr. vsl. þar sem vátryggður upplýsti ekki um hina breyttu notkun vélarinnar. Þá myndi það teljast til stórkostlegs gáleysis að vinna á vélinni og staðsetja með þeim hætti að bakki geti fallið undan vélinni. Ábyrgð félagsins fellur á brott í heild eða hluta þegar háttsemi sem telst vera stórkostlegt gáleysi veldur vátryggingaratburði sbr. 27. gr. vsl. Með vísan til als (sic) framangreinds hafnar félagið bótaskyldu úr húftryggingu vélarinnar.*

Með beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur þann 31. janúar 2023 óskaði stefnandi eftir því að dómkvaddur yrði matsmaður til að meta hvort altjón hefði orðið á beltagröfunni í umrætt sinn og hvert virði hennar hefði verið á tjónsdegi. Varð niðurstaða matsmanns sú að viðgerð væri ekki forsvaranleg og því um að ræða altjón á vélinni. Þá taldi hann virði hennar hafa verið kr. 26.700.000 á tjónsdegi.

Sigþór Arnar Halldórsson, fyrirsvarsmaður stefnanda, gaf aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins. Þá gáfu skýrslu vitnin Anna Sigurlaug Hannesdóttir, skrifstofustjóri stefnanda, Atli Þór Jóhannsson, framkvæmdastjóri Borgarverks ehf., Hafliði Hörður Hafliðason, framkvæmdastjóri Héraðsverks ehf., Dofri Eysteinnsson, framkvæmdastjóri Suðurverks hf., Pétur Ingi Sveinbjörnsson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni, og Hinrik Laxdal, dómkvaddur matsmaður í málinu.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi samþykkt bótaskyldu félagsins með því að lýsa því yfir að hann myndi greiða allan kostnað við að bjarga beltagröfunni úr sjónum. Stefndi hafi ekki gert fyrirvara um að bótaskylda væri ekki viðurkennd er hann hafi ábyrgst greiðslu alls björgunarkostnaðar. Hafi stefndi því viðurkennt bótaskyldu með yfirlýsingu. Þrátt fyrir þetta hafi stefndi enn ekki greitt áfallinn kostnað við björgunarstörf. Þá hafi stefndi ekki orðið við ósk stefnanda um að fulltrúi stefnda kæmi á staðinn og kynnti

sér aðstæður. Byggi stefnandi m.a. á því að það aðgerðaleysi stefnda sé á hans ábyrgð og varði þegar af þeirri ástæðu bótaskyldu hans.

Stefnandi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að beltagrafan hafi runnið út í sjó og að atvik hafi ekki verið þau að grjótpúði undir vélinni hafi gefið sig. Vélin hafi ekki runnið út í sjó og ekki verið ekið í sjóinn. Byggir stefnandi á því að byggja beri á framburði stjórnanda vélarinnar sem hafi verið einn til vitnis um atvik í umrætt sinn. Hafi framburður stjórnandans verið skýr frá upphafi um að grjótpúði hafi gefið sig og þess vegna hafi vélin fallið í sjóinn. Þá sé því mótmælt að ógreinileg myndbandsupptaka af atviki, sem tekin hafi verið langt frá höfninni, sýni að vélinni hafi verið ekið út í sjó eða að hún hafi runnið út í sjó af öðrum orsökum en þeim að grjótpúði undir beltagrófunni hafi gefið sig. Þvert á móti staðfesti myndbandsupptakan að grjótpúði hafi gefið sig með þeim afleiðingum að vélin hafi fallið í sjóinn.

Stefnandi telur tjón sitt bótaskyldt á grunni gr. 3.1 í skilmálum vinnuvélatryggingar nr. E-27. Þar segi að stefndi bæti m.a. skemmdir á vél vegna árekstrar, áaksturs, veltu eða hrap vólur, grjóthruns, snjóflóðs og skriðufalls. Stefnandi mótmæli þröngri skilgreiningu stefnda á orðinu *hrap* og leggi áherslu á að í myndbandsupptöku af atviki megi sjá að beltagrafan falli í sjóinn. Engu breyti um bótaskyldu að vélin hafi ekki oltið til hliðar eða fram fyrir sig. Beltagrafan hafi sannarlega fallið í sjóinn og tjónið sé bótaskyldt á grunni gr. 3.1 í skilmálum stefnda.

Stefnandi byggir á því að það sé rangt og órökstutt að undanskilið sé bótaskyldu ef grjót í undirlagi vélarinnar renni eða falli fram. Skýrt komi fram í gr. 3.1 í skilmálum stefnda að stefndi bæti skemmdir sem stafi af grjóthruni og ekki sé undanþegið bótaskyldu ef vél falli í sjó þar sem undirlag gefi sig.

Stefnandi telur túlkun stefnda á orðinu *skriðufall* í skilmálum tryggingarinnar vera ranga. Skriðufall sé m.a. það að grjót í grjótpúða skriði fram eins og gerst hafi þegar vélin féll í sjóinn.

Stefnandi mótmælir þeirri röksemd stefnda að altjón á vélinni sé ekki bótaskyldt á grunni gr. 4.3 og 4.5 í tryggingarskilmálum. Þau ákvæði eigi augljóslega ekki við enda hafi vinnuvélin ekki gegnblotnað að hluta eða algerlega vegna sjávarfalla. Þá hafi tjónið ekki orðið vegna slits, ófullnægjandi viðhalds, fúa, tæringar, málmþreytu eða af sambærilegum sökum.

Þá byggir stefnandi á því að sá málatilbúnaður stefnda að gr. 2.2 í tryggingarskilmálum undanskilji ábyrgð stefnda á tjóni stefnanda sé rangur. Í þeirri grein komi fram

að gera skuli sérstakan samning um húftryggingu ef tæki sé til neðanjarðargangagerðar og námuvinnslu. Þá gildi það sama um vélar og tæki á strandvinnupöllum eða prömmum og flatbytnum. Beltagrafa stefnanda hafi ekki verið nýtt til neðanjarðargangagerðar, ekki við námuvinnslu, ekki á strandpöllum, prömmum eða flatbytnum er tjónið hafi orðið. Beltagrafan hafi staðið í landi á grjótpúða. Í skilmálum stefnda sé ekki mælt fyrir um að sérstaka húftryggingu þurfi að kaupa ef vél sé nýtt við dýpkunarframkvæmdir frá landi og hafi stefnda borið að undanskilja húftryggingu við þær aðstæður í tryggingarskilmálum hafi það verið ætlun hans. Skilmálum tryggingarinnar verði ekki breytt eftir á.

Stefnandi segir rangt að hann hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart stefnda áður en hann hafi farið að nýta beltagröfuna við dýpkun hafnarinnar. Þá sé ætluð vanræksla á upplýsingaskyldu augljóslega ekki veruleg. Ekki hafi verið um að ræða breytta notkun á vélinni og sé venjulegt að beltagröfur séu notaðar við dýpkun hafna frá landi. Þá hafi sölumaður stefnda verið upplýstur um það, áður en stefnandi hafi fest kaup á tryggingunni, í hverju starfsemi stefnanda væri fólgin og að stefnandi sinnti m.a. framkvæmdum við dýpkun hafna. Ekki sé mælt fyrir um það í tryggingarskilmálum að sérstaklega þurfi að húftryggja beltagröfu ef til standi vinna með henni við dýpkun hafna frá landi og hafi stefnandi verið í góðri trú er hann festi kaup á tryggingunni um að vélin væri húftryggð við þær aðstæður. Sú góða trú stefnanda hafi m.a. byggst á tryggingarskilmálum stefnda. Þá hafi stefndi vanrækt að upplýsa stefnanda um að sérstaklega þyrfti að húftryggja beltagröfuna ef hún væri notuð við dýpkun hafna. Hafi stefndi vanrækt upplýsingaskyldu gagnvart stefnanda og beri stefndi einn ábyrgð á þeirri vanrækslu. Þá leggi stefnandi áherslu á að 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004 sé heimildarákvæði og sé aðeins heimilt að fella niður ábyrgð stefnda ef vátryggingartaki hafi verulega vanrækt upplýsingaskyldu sína. Það hafi stefnandi alls ekki gert.

Stefnandi telur ranga og órökstudda þá fullyrðingu stefnda að stjórnandi beltagröfunnar hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Um hafi verið að ræða óhapp sem ekki hafi mátt sjá fyrir og hafi húftrygging m.a. verið keypt í því skyni að bæta tjón sem hlytist af óhappi sem þessu. Stjórnandi vélarinnar sé með 45 ára reynslu af vinnu á vinnuvélum og m.a. á beltagröfum. Hann hafi ekki sýnt af sér gáleysi er óhappið hafi orðið og alls ekki stórkostlegt gáleysi. Verkið hafi verið unnið á venjulegan hátt og á grjótpúða eins og jafnan sé gert. Af einhverjum ástæðum hafi grjótpúðinn skriðið fram en á því hafi stjórnandi vélarinnar ekki átt sök. Þá segi í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 að ekki sé um stórkostlegt gáleysi að ræða nema sök viðkomandi sé augljós og bersýnilega vítaverð. Þá

sé 3. mgr. 27. gr. laganna skýr um að stefndi geti ekki borið fyrir sig að stefnandi hafi valdið atburði ef háttsemi hans teljist ekki ásetningur eða stórkostlegt gáleysi. Fullyrðingar stefnda um ætlaða sök stefnanda séu rangar og ósannaðar.

Stefnandi leggur áherslu á að skilmálar tryggingarinnar hafi verið samdir einhliða af stefnda og beri stefndi einn ábyrgð á því ef skilmálar verði taldir óskýrir að einhverju leyti. Samkvæmt viðurkenndum túlkunarreglum beri að skýra óskýr hugtök í einhliða tryggingarskilmálum stefnanda til hagsbóta. Þá sé því mótmælt að skilmálar séu óskýrir á nokkurn hátt og byggji stefnandi á því að þeir séu skýrir um bótaskyldu stefnda. Þá sé mótmælt tilvísun stefnda til orðabókar Menningarsjóðs um túlkun skilmálanna en hvergi í skilmálum stefnda sé vísað til þess að skýringar í þeirri orðabók skuli gilda um skilmála tryggingarinnar. Stefnda hafi verið í lófa lagið að setja ákvæði í skilmálana um það ef ætlun hans hefði verið að sú orðabók hefði þýðingu við túlkun skilmálanna. Stefnandi byggji á því að stefndi hafi sönnunarbyrði fyrir því að tjónið sé ekki bótaskyldt úr tryggingunni og að stefndi hafi ekki fært fram sönnur á að svo hafi verið.

Stefnandi mótmælir sem þýðingarlausum tilvísunum stefnda í bréfi, dags. 16. september 2022, til reglna um aðbúnað, hollustuhætti o.fl. og til leiðbeininga Vinnu-
eftirlitsins um vinnuvernd. Stefnandi hafi ekki brotið gegn skráðum eða óskráðum reglum og ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Sönnunarbyrði um slíkt hvíli á stefnda og hafi stefndi ekki fært fram sönnur fyrir órökstuddum fullyrðingum sínum.

Málsástæður stefnda

Stefndi byggir á því að tjón stefnanda falli ekki undir húftryggingu á vátryggingarskírteini stefnanda eins og sjá megi á skilmálum hennar. Þá byggir hann á því, verði fallist á að atvikið falli undir tryggingarskilmálana, að fella eigi niður ábyrgð stefnda.

Stefndi kveður stefnanda bera sönnunarbyrði fyrir þeim atvikum sem hann byggir greiðslu- og bótaskyldu sína á gagnvart stefnda. Í því felist m.a. að sanna að atvikið megi rekja til slyss, þ.e. að vátryggingaratburður hafi orðið skyndilega og óvænt og vegna utanaðkomandi atvika. Tjón sem verði vegna vélarbilunar, viðahaldsskorts eða annarra *innri atvika* sem tengist vélinni falli því ekki undir trygginguna. Þetta felist einnig í sérundanþágu gr. 4.3 í skilmálum tryggingarinnar.

Stefndi telur að greinilega sjáist á myndbandi sem fyrir liggir í málinu að beltagrafan renni niður í sjó og að belti vinnuvélarinnar snúist á meðan. Ekki hafi verið um skyndilegt hrun að ræða og ekki verði séð á myndbandinu að undirstaðan sem grafan stóð á hafi gefið sig eða hrunið á einhvern skyndilegan hátt undan vinnuvélinni við

atvikið. Ekki sé því unnt að fallast á þá lýsingu stefnanda á atvikinu í stefnu að vinnuvélin hafi fallið skyndilega í sjóinn þar sem grjótpúði undir henni hafi gefið sig. Stefndi telur það ósannað og byggir jafnframt á því að það sé stefnanda að sanna að það atvik sem olli tjóninu falli undir skilmála tryggingarinnar.

Stefndi bendir á að í skilmálum tryggingarinnar sé farin sú leið að tilgreina með tæmandi hætti nákvæmlega hvaða atvik það séu sem vátryggingunni sé ætlað að ná yfir. Ekki sé því um það að ræða að öll tjónsatvik falli undir trygginguna nema þau sem séu sérstaklega undanþegin heldur séu það eingöngu þau sem sérstaklega séu upptalin í skilmálunum sem falla undir trygginguna. Undir þeim kringumstæðum sé það stefnanda að sanna að tjónið falli einmitt undir þær orsakir eða sé þess eðlis að það falli undir hið afmarkaða ábyrgðarsvið tryggingarinnar. Stefndi hafi ekki tekist að sanna það.

Verði fallist á að tjónatvikið falli að slyshugtakinu, sbr. ofangreint, byggir stefndi á því að atvikið falli ekki undir þær tjónsorsakir sem séu taldar upp með tæmandi hætti í gr. 3 í skilmálunum. Meðal annars sé á því byggt að tjónsatvikið geti ekki flokkast sem *hrap* í skilningi gr. 3.1.

Verði fallist á að undirstöður undir vélinni hafi á einhvern hátt gefið sig, sem sé mótmælt sem ósönnuðu, sé einnig sérstaklega á því byggt að slík eftirgjöf undirstaða geti ekki fallið undir hugtakið *grjóthrun* í skilningi gr. 3.1 í skilmálunum. Með grjóthruni í skilningi ákvæðisins sé eingöngu átt við þau atvik þegar grjót hrynur á vinnuvél en ekki ef grjót gefur sig eftir atvikum undan vinnuvél. Þá sé einnig ósannað að grjót hafi hrunið undan vinnuvélinni.

Stefndi byggir á að af sömu ástæðu geti atvikið ekki fallið undir orðalag gr. 3.1 í skilmálunum um *skriðufall*. Ekki sé um að ræða atvik sem falli þar undir. Því ákvæði sé eingöngu ætlað að ná til atvika þegar skriða fellur á vinnuvél og veldur á henni tjóni. Þannig taki ákvæðið t.d. ekki til þess ef bifreið myndi aka inn í aur- eða snjóskriðu sem þverað hefur veg. Á því sé byggt að *skriðufall* skv. ákvæðinu feli ekki í sér það tilvik þegar jarðvegur undir farartæki losni neðansjávar.

Stefndi segir að verði litið svo á að atvikið falli undir þau atvik sem skilgreind séu í gr. 3. í skilmálunum sé á því byggt að ábyrgð stefnda sé fallin niður. Fyrir því séu eftirfarandi ástæður. Í gr. 4.5 séu undanþegin tjón sem verði vegna þess að *vinnuvél gegnblotnar að hluta til eða algerlega vegna sjávarfalla*. Á því sé byggt að tjón þeirrar vélar sem um ræðir falli þarna undir skv. atvikum máls. Sérstaklega sé tekið fram í

skilmálunum að unnt sé að kaupa sérstaka viðbótartryggingu ef hætta sé á því að vinnuvélar blotni vegna sjávar en skv. gr. 2.2 í nefndum skilmálum váttryggist tjón vegna véla sem vinni á *strandvinnupöllum eða prömmum og flatbytnum* eingöngu ef keypt sé sérstök trygging vegna slíkrar vinnu. Á því sé byggt af hálfu stefnda að sá *garður* sem *keyra* hafi átt *út úr sprengdum kjarna*, sbr. tölvupóst strandverkfærðings Vegagerðarinnar sem fyrir liggi í málinu, og stefnandi sjálfur hafi átt að útbúa, sbr. m.a. verklýsingu útboðsgagna, falli undir hugtakið *strandvinnupallur* skv. gr. 2.2 í skilmálunum. Tjón sem verði vegna vinnu á slíkum pöllum sé því eingöngu váttryggt ef keypt hafi verið sérstök trygging vegna þess. Það hafi ekki verið gert. Félagið hafi með þessum hætti gert ljóst að gera þyrfti sérstakan váttryggingarsamning væri ætlun váttryggðs að vinna verk þar sem vinnuvélin væri notuð með þessum hætti.

Stefndi byggir á því að slysið hafi orðið vegna slits, fúa, ófullnægjandi viðhalds eða af sambærilegum orsökum í skilningi gr. 4.3 og að stefnanda sé að sanna að svo hafi ekki verið í ljósi atvika máls.

Stefndi bendir á að af stefnu megi ráða að það hafi verið reglulegur hluti af starfsemi stefnanda að sinna dýpkun hafna. Um það hafi stefndi ekki verið upplýstur við töku tryggingarinnar. Sú lýsing í stefnu að um þetta hafi sérstaklega verið upplýst við töku tryggingarinnar sé því röng og í andstöðu við gögn málsins.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar um að nota ætti gröfuna við dýpkun hafna hefðu verulega þýðingu fyrir mat stefnda á áhættu. Sjáist það m.a. á því að tjón vegna sjávarfalla og vegna vinnu við dýpkun á strandvinnupöllum séu sérstaklega undanþegin tryggingu samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Um sé að ræða verk sem feli í sér sérstaka áhættu eins og eigi við um þau atvik sem nú sé krafist bóta fyrir. Verði fallist á lýsingu stefnanda á atvikum máls, þ.e. að jarðvegur hafi gefið sig undan vinnuvélinni og hún því runnið löturhægt áfram um örfáa metra niður á við, sé t.d. alveg augljóst að altjón af því tagi sem hér um ræðir geti eingöngu átt sér stað undir þeim kringumstæðum að hliðrun vélarinnar um örfáa metra leiði til þess að með því sé vélin komin á bólakaf í sjó. Riðlun á jarðvegi vélarinnar við vinnu á flatlendi leiði ekki til slíks altjóns undir nokkrum öðrum kringumstæðum. Atvikið sjálft og afleiðingar þess sýni svart á hvítu þá gríðarlega auknu áhættu sem vinna við dýpkun hafna hafi í för með sér. Því sé um að ræða upplýsingar sem stefnandi hafi *mátt vita* að upplýsa ætti stefnda um við töku tryggingarinnar í skilningi 1. mgr. 19. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, sbr. einnig 2. mgr. 19. gr. sömu laga, sem gerir þá

upplýsingaskyldu viðvarandi allan þann tíma sem tryggingin sé í gildi. Trygging stefnanda hafi upphaflega verið keypt í maí 2021. Endurnýjað skírteini hafi svo verið gefið út í júní 2022. Stefnandi hafi því í síðasta lagi átt að upplýsa um hina breyttu og auknu áhættu við endurnýjun skírteinis í júní 2022.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína. Sú vanræksla teljist ekki óveruleg í skilningi 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004 og leiði því til þess að fella beri greiðsluskyldu stefnda niður í heild eða að hluta. Að sama skapi feli notkun hins váttryggða við dýpkun hafnar á þann hátt sem um ræðir í sér breytingu á hinni váttryggðu áhættu í skilningi 24. gr. laga nr. 30/2004. Notkun gröfunnar þannig að hún sé á sjávarbrún á tilbúinni grjóthrúgu að grafa undan sjálfri sér séu atvik sem hafi verulega þýðingu fyrir hina váttryggðu áhættu umfram það sem upplýst hafi verið um við töku tryggingarinnar.

Stefndi byggir jafnframt á því, verði fallist á að atvikið falli undir skilmála tryggingarinnar, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til bóta vegna stórkostlegs gáleysis og fella eigi bótaskyldu niður af þeim sökum á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004, sbr. einnig gr. 4.1 í skilmálum tryggingarinnar, en til vara að það leiði til lækkunar á fjárhæð bóta.

Stefndi bendir á að af útboðsgögnum sé ljóst að stefnanda hafi borið skylda til að kynna sér vel aðstæður á verkstað. Þá hafi einnig komið fram í útboðslýsingu að innifalið í verkskyldum stefnanda væri öll gerð *og viðhald* aðkomuleiða að verkinu og að ef hann kysi að mynda grjótpúða frá landi til að vinna á skyldi það innifalið í aðstöðusköpun. Það hefði því verið hlutverk stefnanda sjálfs að mynda þann grjótpúða sem stefnandi vilji meina að hafi hrunið undan vélinni. Einnig hefði það verið hlutverk stefnanda að tryggja að þær ráðstafanir uppfylltu allar öryggiskröfur, gildandi lög og reglugerðir. Verði fallist á málatilbúnað stefnanda þess efnis að hrunið hafi úr grjótpúða undan beltagröfunni með þeim afleiðingum að grafan féll í sjóinn sé ljóst að orsök þess geti eingöngu verið ófullnægjandi frágangur stefnanda sjálfs. Í ljósi sérþekkingar stefnanda og reynslu, sem og þeirrar skyldu sem hann hafi tekið á sig við verkið með útboðsgögnum, sé á því byggt af hálfu stefnda, verði fallist á að atvikið falli undir skilmála tryggingarinnar, að stefnandi sjálfur, eða sá sem stefnandi hafi borið ábyrgð á á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð, hafi borið ábyrgð á þeim ófullnægjandi öryggisþáttum og verklagi sem leitt hafi til atviksins og að bein orsakatengsl séu á milli þeirra þátta og atviksins.

Stefndi hafnar því að þátttaka hans í björgunarkostnaði gröfunnar feli í sér viðurkenningu á bótaskyldu úr húftryggingu vélarinnar enda hafi slík þátttaka verið umfram skyldu. Það sjáist best á því að björgunarkostnaður sé ekki hluti af þeirri tryggingu sem um ræði. Auk þess hafi þar verið um að ræða fyrsta viðbragð stefnda áður en nokkrar upplýsingar hefðu verið veittar um tildrög slyssins eða önnur atvik máls. Sú greiðsla hafi því ekki verið tilkomin vegna þeirrar tryggingar sem í gildi hafi verið.

Stefndi bendir á að dómkrafa stefnanda nemi kr. 28.925.366 auk vaxta og dráttarvaxta. Af stefnu megi ráða að kr. 26.700.000 af því séu skv. matsgerð en kr. 2.225.366 vegna björgunarkostnaðar. Björgunarkostnaður sé sérstaklega undanþeginn í skilmálum og geti því ekki komið til greiðslu. Af tryggingarskírteini megi sjá að verðmæti hins váttryggða nemi kr. 28.000.000. Af skilmálum tryggingarinnar megi ráða að fjárhæð bóta úr húftryggingunni geti ekki numið hærri fjárhæð að höfuðstól. Því beri að lækka dómkröfu stefnanda sem því nemi verði fallist á alla þætti dómkröfu stefnanda. Þá nemur eigin áhætta kr. 226.500 í hverju tjóni sem draga beri einnig frá þeim hluta dómkröfu stefnanda sem kunni að verða samþykkt.

III

Niðurstaða

Í máli þessu krefst stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda fjártjón vegna altjóns á beltagröfu af gerðinni Hyundai HX380L með fastanúmeri [...], í eigu stefnanda, sem varð hinn 16. ágúst 2022, þegar vélin rann í sjóinn í höfninni á Borgarfirði eystra, þegar fyrirsvarsmaður stefnanda var við vinnu á beltagröfunni í sjávarmálinu. Þá krefst stefnandi þess að stefndi greiði kostnað stefnanda vegna björgunar beltagröfunnar af slyssað. Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Stefnandi keypti húftryggingu fyrir beltagröfuna hjá stefnda og tók sú trygging gildi 1. júní 2022 og gildi til 31. maí 2023. Samkvæmt váttryggingarskírteini stefnda var verðmæti beltagröfunnar kr. 28.000.000 og var grafan húftryggð fyrir þeirri fjárhæð.

Samkvæmt aðilaskýrslu Sigþórs Arnars Halldórssonar, fyrirsvarsmanns stefnanda, fyrir dómi, sem stjórnaði beltagröfunni í umrætt sinn, vann hann á grjótpúða við fleygun er slysið varð. Kvað hann grjótpúðann skyndilega hafa skriðið fram með þeim afleiðingum að beltagrafan hefði farið í sjóinn. Í málinu liggur fyrir myndskeið sem tekið var af hafnarsvæðinu í umrætt sinn. Þótt ekki sjáist vel á umræddu myndskeiði hvernig

það kom til að beltagrafan fór í sjóinn er að mati dómsins ekki ósennilegt að það hafi orðið með þeim hætti sem umræddur Sigþór Arnar lýsti fyrir dómi, þó þannig að vélin hafi runnið í sjóinn, en ekki fallið eins og stefnandi hefur haldið fram. Telur dómurinn því að miða verði við það í máli þessu að verkið hafi verið unnið á grjótpúða sem hafi gefið sig með þeim afleiðingum að beltagrafan hafi runnið í sjóinn og eyðilagst.

Aðilar málsins deila um hvort orsök umrædds tjóns stefnanda falli undir skilmála húftryggingar hans hjá stefnda. Óumdeilt er að í skilmálum tryggingarinnar er tilgreint með tæmandi hætti hvaða atvik það séu sem vátryggingunni sé ætlað að ná yfir. Hvílir því að mati dómsins sönnunarbyrði fyrir því að tjónið falli undir þær orsakir eða séu þess eðlis að þær falli undir umrædda tryggingu á stefnanda.

Sú grein sem aðilar máls deila hér um er gr. 3.1 í skilmálum tryggingarinnar. Þar segir: *Félagið bætir skemmdir af vinnuvélinni sjálfri og eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótrindum og venjulegum útvörðum, af eldingu, eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu eða hrapi vinnuvélarinnar, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð og skriðufalli.* Byggir stefnandi á því að tjónið á beltagröfunni hafi orðið vegna *hraps vélarinnar, grjóthruns og skriðufalls* en því mótmælir stefndi. Er óumdeilt að til að umrætt tjón verði bótaskyldt af hálfu stefnda verður eitthvert af þessum atriðum að eiga hér við. Verður hér vikið að þeim.

Fyrst verður vikið að því hvort umrætt tjón hafi orðið vegna *hraps* beltagröfunnar. Áður hefur verið lýst hvernig umrætt slys átti sér stað og sjá má það á að einhverju leyti í fyrirbyggjandi myndskreiði. Rann beltagrafan út í sjóinn eftir að grjótpúði, sem hún stóð á, gaf eftir. Er að mati dómsins engan veginn unnt að fallast á að vélin hafi *hrapað* í umrætt sinn. Þótt í dómaframkvæmd hafi verið fallist á að ökutæki þurfi ekki að falla langt niður til að skilyrði um *hrap* teljist fullnægt, sbr. t.d. Hrd. 1975, bls. 933, verður að mati dómsins að vera um það að ræða að vél eða ökutæki falli snöggt niður en renni ekki til, eins og í máli því sem hér um ræðir, til að um *hrap* teljist að ræða. Er það því niðurstaða dómsins að hér hafi ekki verið um að ræða *hrap* beltagröfunnar í skilningi umræddrar gr. 3.1 í skilmálunum. Er þessari málsástæðu stefnanda því hafnað.

Kemur þá til skoðunar hvort umrætt tjón hafi orðið vegna *grjóthruns*. Dómurinn fellst á það með stefnda að í umræddri grein skilmálanna sé með orðinu *grjóthrun* átt við að grjót *hrynji* á ökutæki. Ekki sé þar átt við að grjótpúði sem vél standi á gefi sig undan henni þannig að hún renni til eins og í því máli sem hér um ræðir. Er það því niðurstaða

dómsins að umrætt tjón hafi ekki orðið vegna *grjóthruns* í skilningi gr. 3.1 í skilmálunum. Er þessari málsástæðu stefnanda því hafnað.

Loks kemur til skoðunar hvort umrætt tjón hafi orðið vegna *skriðufalls*. Ekki er fallist á það með stefnanda að svo hafi verið. Fyrirsvarsmaður stefnanda hefur sjálfur lýst því fyrir dómi hvernig beltagrafan hafi runnið til þegar grjótpúði undir henni hafi gefið sig undan þunga hennar. Verður það, að mati dómsins, ekki felld undir orðið *skriðufall* í umræddum tryggingarskilmálum. Verður við það að miða að með því sé átt við að skriða *falli á* hið tryggða. Er umræddri málsástæðu stefnanda því hafnað.

Stefnandi byggir á því að með því að fallast á að greiða björgunarkostnað hafi stefndi viðurkennt bótaskyldu í málinu. Eins og lýst var hér að framan er niðurstaða dómsins sú að umrætt tjón stefnanda falli ekki undir tryggingu hans hjá stefnda. Þá liggur fyrir að björgunarkostnaður var ekki hluti af umræddri tryggingu stefnanda hjá stefnda. Tildrög umrædds slyss lágu ekki að fullu ljós fyrir þegar stefndi féllst á að taka þátt í björgunarkostnaðinum. Verður ekki fallist á það með stefnanda að í því hafi falið viðurkenning stefnda á því að hann væri bótaskyldur í málinu. Þá bendir dómurinn á að jafnvel þótt á það yrði fallist kæmi það ekki í veg fyrir að bótaskyldu yrði síðar hafnað, sbr. t.d. dóm Landsréttar í máli nr. 21/2022. Er því umræddri málsástæðu stefnanda hafnað.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að það atvik sem leiddi til tjóns stefnanda í málinu verði ekki felld undir skilmála húftryggingar hans hjá stefnda. Þá er það niðurstaða dómsins að samþykki stefnda á að greiða björgunarkostnað í umrætt sinn hafi ekki falið í sér viðurkenningu á bótaskyldu. Þegar af þessum ástæðum er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Í ljósi þessarar niðurstöðu verður ekki séð að aðrar málsástæður sem aðilar hafa haft uppi í máli þessu geti haft þýðingu í því eða þarfnist frekari úrlausnar.

Rétt þykir að málskostnaður verði látinn niður falla, með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Af hálfu stefnanda flutti málið Þorsteinn Einarsson lögmaður en af hálfu stefnda Magnús Hrafn Magnússon lögmaður.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vörður tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Yls ehf.

Málskostnaður fellur niður.

Björn Þorvaldsson